

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Neskaupsstað (I)



Dags eftirlits	10.9.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Olíudreifing	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40
Fulltrúi fyrirtækis	Gunnar Valgeirsson	Staðsetning	746686,545 525979,673

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávík komu fram við eftirlit og engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Staða frávika frá síðasta eftirliti
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017.

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 4. kafla.

Farið var yfir skráningar á mánaðarblöð á fjarfundi með rekstraraðila þann 13. ágúst sl. og engin ábending gerð þar um. Rekstur stöðvarinnar er sameiginlegur með rekstri stöðvarinnar á Reyðarfirði og öll gögn geymd þar. Rekstrarhandbók var skoðuð í eftirliti á Reyðarfirði en hún er einnig aðgengileg í rafrænum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Sex geymar eru í stöðinni, fjórir þeirra í olíupró að Naustahvammi 57 og tveir í pró að Naustahvammi 53. Olíuskiljurnar eru tvær og eru þjónustaðar annan hvern mánuð en gera þarf mælingu á olíu í fráveituvatni skv. gr. 4.2 í starfsleyfi nú í ár. Geymarnir hafa allir verið þykktarmældir á síðustu 10 árum en næstu mælingar eru á geymum merktum 740.01.00 og 740.04.00 árið 2023. Níu lagnir eru í stöðinni, en hluti af þeim er samtengdur og þrýstiprófast í einu lagi. Voru þær allar þrýstiprófaðar á árunum 2019 og 2020 og stóðust þær prófið.

Olíu er landað að meðaltali einu sinni mánuði inn í stöðina en bensín er ekki geymt í stöðinni.

Olíublautum tuskum og öðrum úrgangi er skilað inn til Gámafélagsins og er spilliefnakar til staðar á steypu plani við stöðina og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju. Úrgangsolíu er safnað á flutningsgeymi sem stendur á steypu plani utan við þró og er niðurfall á planinu tengt olíuskilju.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir. Girðing er um stöðina og er hún heil og í góðu lagi, hlið stóð læst að Naustahvammi 53 er komið var að og hið að Naustahvammi 57 stendur læst þegar stöðin er ómönnuð. Stöðin var snyrtilega á að líta en huga þarf að því að halda niðri gróðurvexti innan þróar að Naustahvammi 53. Umsjónarmaður er staðsettur á Reyðarfirði en fylgist með stöðinni reglulega.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Olfudreifing ehf. hefur vottað umhverfisstjórnunarkerfi, nær vottunin til allra starfstöðva félagsins og gildir til 14. janúar 2023.

Fulltrúi Heilbrigðiseftirlits Austurlands var viðstaddur eftirlitið.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 25.09.2020



Guðbjörg Stella Árnadóttir